

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/67/EB

2008/EES/46/04

frá 18. október 2005

um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 86/298/EBE, I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 87/402/EBE og I., II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB er varða gerðarviðurkenningu dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt í því skyni að aðlaga þessa viðauka (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 2) Kröfurnar í 1. viðbæti við I. viðauka við tilskipun 76/115/EBE vegna miðjusæta, sem vísa fram, í ökutækjaflokki N3, eiga við um dráttarvélar með hámarks-hönnunarhraða sem er 40 km/h eða minni.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 3) Þann 29. mars 2005 samþykkti ráð Efnahags- og framfarastofnunarinnar ákvörðun C(2005) 1, þar sem settar voru nýjar útgáfur af reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar vegna prófunar á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 86/298/EBE frá 26. maí 1986 um aftanasettar veltigrindur fyrir landbúnaðardráttarvélar á hjólum með lítilli sporvidd (<sup>1</sup>), einkum 12. gr.,

- 4) Rétt er að aðlaga tilvísanirnar í reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar í tilskipunum 2003/37/EB, 86/298/EBE og 87/402/EBE með tilliti til ákvörðunar C(2005) 1 ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 87/402/EBE frá 25. júní 1987 um veltigrindur framan við ökumannssæti á landbúnaðardráttarvélum á hjólum með lítilli sporvidd (<sup>2</sup>), einkum 11. gr.,

- 5) Því ber að breyta tilskipunum 86/298/EBE, 87/402/EBE og 2003/37/EBE til samræmis við þetta.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE (<sup>3</sup>), einkum a- og b-lið 1. mgr. 19. gr.,

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

- 1) Með tilskipun 2003/37/EB var ísetning öryggisbeltafestinga tekin upp sem ný krafa vegna gerðarviðurkenningar fullbúinna ökutækja til nota í landbúnaði eða skógrækt í samræmi við tilskipun ráðsins 76/115/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi festingar öryggisbelta í vélknúnum ökutækjum (<sup>4</sup>). Þar sem tilskipun 76/115 varðar gerðarviðurkenningu mismunandi flokka vélknúinna ökutækja, sem ekki eru notuð í landbúnaði, er nauðsynlegt að tilgreina hvaða kröfur þeirrar tilskipunar skuli gilda um tiltekna dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt.

1. gr.

Ákvæðum I., II., og III. viðauka við tilskipun 2003/37/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 86/298/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 87/402/EBE er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 273, 19.10.2005, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 29.6.2006, bls. 5.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 186, 8.7.1986, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB (Stjtið. ESB L 55, 1.3.2005, bls. 35).

(<sup>4</sup>) Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 6. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/38/EB (Stjtið. EB L 187, 26.1.1996, bls. 95).

## 4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2005. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

## 5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. október 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við tilskipun 2003/37/EB er breytt sem hér segir:

1. Í lið 3.6.1 í 4. hluta I. viðauka komi orðin „2. reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar“ í stað „1. eða 2. reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar“.
2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:
  - a) í línu 26.1 í kafla B í I. hluta komi orðin „Festingar fyrir öryggisbelt“ í stað „Festipunktur öryggisbeltis“<sup>(3)</sup>.

<sup>(3)</sup> Lágmarksfjöldi festingarpunkta, sem krafist er í dráttarvélum í flokkum T1, T2, T3, C1, C2 og C3, er tveir en hann var ákveðinn í 1. viðbæti við 1. viðauka við tilskipun 76/115/EB fyrir miðjusæti sem vísa fram, í ökutækjaflokki N3. Prófunarálagið sem mælt er fyrir um í liðum 5.4.3 og 5.4.4 í I viðauka við þá tilskipun fyrir ökutæki í flokki N3 skal gilda um þessa dráttarvélaflokka.“

- b) Í stað II. hluta C í kafla B komi eftirfarandi:

„II.hluti C

**Samsvörun við staðlaðar reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)**

Heimilt er að nota prófunarskýrslurnar (fullgerðar) sem samsvara reglum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem tilgreindar eru hér á eftir í stað prófunarskýrslanna sem gerðar eru í samræmi við samasvarandi sértilskipanir.

Númer gefið í töflunni í I. hluta (sértilskipanir)	Númer gefið í töflunni í I. hluta (sértilskipanir)	Viðfangsefni	Reglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) (*)
10.1.	77/536/EBE	Opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt (hreyfiprófun)	Regla 3
26.1.	76/115/EBE		
16.1.	79/622/EBE	Opinberar prófanir á veltigrindum á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt (kyrrstöðuprófun)	Regla 4
26.1.	76/115/EBE		
19.1.	86/298/EBE	Opinberar prófanir á aftanásettum veltigrindum fyrir dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvidd	Regla 7
26.1.	76/115/EBE		
21.1.	87/402/EBE	Opinberar prófanir á framanásettum veltigrindum fyrir dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvidd	Regla 6
26.1.	76/115/EBE		
	SD (**)	Opinberar prófanir á veltigrindum á beltadráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt	Regla 8
26.1.	76/115/EBE		Regla 8

(\*) Prófunarskýrslurnar skulu vera í samræmi við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2005) 1. Einungis er hægt að viðurkenna jafngildi prófunarskýrslna fyrir festingar fyrir öryggisbelt ef þær hafa verið prófaðar. Einnig er heimilt að samþykkja prófunarskýrslurnar sem eru í samræmi við reglurnar samkvæmt ákvörðun C(2000) 59 eins og henni var síðast breytt með ákvörðun C(2003) 252 á aðlögunartímabili sem stendur í eitt ár og hefst á þeim degi þegar ákvörðun C(2005) 1 er birt á vefsetri Efnahags- og framfarastofnunarinnar, þ.e. til 21. apríl 2006.

(\*\*) SD: um þetta verður fjallað í sértilskipun.

3. Í lið 3.6.1 í I hluta A í III. viðauka komi orðin „2. reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar“ í stað „1. eða 2. reglu Efnahags- og framfarastofnunarinnar“.

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 86/298/EEB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Skilgreiningarnar og kröfurnar í 1. lið í 7. reglu OECD ákvörðun C(2005) 1 frá 29. mars 2005, skulu gilda að undanskildum lið 1,1.“

2. Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

*II. VIÐAUKI***Tæknilegar kröfur**

Þær tæknilegu kröfur sem ber að uppfylla við EB-gerðarviðurkenningu fyrir aftanásettar veltigrindur fyrir dráttarvélar fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvidd skulu vera þær sem um getur í 3. lið 7. reglu OECD ákvörðunar C(2005) 1, frá 29. mars 2005, að undanskildum liðum 3.1.4 (Prófunarskýrslur), 3.4 (Minni háttar breytingar), 3.5 (Merkingar) og 3.6 (Nothæfi öryggisbeltafestinga).“

*III. VIÐAUKI*

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 87/402/EEB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. liðar í I. viðauka komi eftirfarandi:

„Skilgreiningarnar og kröfurnar í 1. lið í 6. reglu OECD ákvörðun C(2005) 1 frá 29. mars 2005, skulu gilda að undanskildum lið 1,1.“

2. Í stað II. viðauka komi eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI***Tæknilegar kröfur**

Þær tæknilegu kröfur sem ber að uppfylla við EB-gerðarviðurkenningu fyrir veltigrindur sem framan við ökumannssæti á dráttarvéllum fyrir landbúnað og skógrækt á hjólum með lítilli sporvidd skulu vera þær sem um getur í 3. lið 6. reglu OECD (ákvörðun C(2005) 1, frá 29. mars 2005, að undanskildum liðum 3.2.4 (Prófunarskýrslur), 3.5 (Minni háttar breytingar), 3.6 (Merkingar) og 3.7 (Nothæfi öryggisbeltafestinga).“